

S A M Þ Y K K T**fyrir Veiðifélag Mývatns.****1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélag Mývatns. Heimili þess og varnarþing er Skútustaða-hreppur.

2. gr.

Félagssvæðið nær til eftirtalinna jarða, og takmarkast veiðisvæðið af Strandlengju Mývatns, Grænalækjarós við Arnarbæli, og Rifinu milli Haganeslands og Geirastaðalands.

Álftagerði I.
Álftagerði II.
Álftagerði III.
Álftagerði IV.
Bjarg.
Björk.
Borg.
Garður I.
Garður II.
Geirastaðir.
Geiteyjarströnd I.
Geiteyjarströnd II.
Geiteyjarströnd III.
Grímsstaðir I.
Grímsstaðir II.
Grímsstaðir III.
Haganes.
Kálfaströnd I.
Kálafströnd II.
Nónbjarg.
Reykjahlið I.
Reykjahlið II.
Reykjahlið III.
Reykjahlið IV.
Reynihlið.
Syðri-Neslönd.
Skútustaðir I.
Skútustaðir II.
Skútustaðir III.
Vagnbrekka.
Víðihlið.
Vindbelgur.
Vogar I.
Vogar II.
Vogar III.
Vogar IV.
Ytri-Neslönd.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðum fiskistofni á félagssvæðinu og að skipuleggja veiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í janúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðarbók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á þessari samþykkt varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.